

**456. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 12. júní 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður, Aðalsteinn Magnússon Varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddvitið óskaði eftir afbrigði, á dagskrá yrði tekinn undir 9.tl. Borun eftir heitu vatni í Litla-Laugardal. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Samþykkt samhljóða. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Fjarverandi Birna Benediktsdóttir í h.s. Guðlaug S. Björnsdóttir og Bjarnveig Guðbrandsdóttir í h.s. Aðalsteinn Magnússon. 1.varamaður Guðni Ólafsson er í leyfi.

Dagskrá:

- 1. 1306002 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 804. fundur stjórnar**
Til kynningar.
- 2. 1306020 - Fundargerð 89. fundur stjórnar 17. desember 2012.**
Til kynningar.
- 3. 1303021 - Fundargerð 90. fundur stjórnar, 5. mars 2013.**
Til kynningar.
- 4. 1306021 - Fundargerð 91. fundur stjórnar, 26 apríl 2013**
Til kynningar.
- 5. 1306032 - Náttúrustofa Vestfjarða, fundargerð stjórnar, 81. fundur, 23. apríl.**
Til kynningar.
- 6. 1306007 - Þekja og lagnir Gömlu bryggju Verkfundur 1**
Til kynningar

7. 1305003F - [Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps - 455](#)

Fundargerðin undirrituð og samþykkt samhljóða.

8. 1305006F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 78](#)

Fundargerðin er staðfest
Samþykkt samhljóða.

9. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals

Haukur Jóhannesson mætti á fundinn og lýsti ferli borunarinnar. Borað hefur verið niður á 1600 metra, nægur hiti hefur fundist, ca 70 gráður, en ekki nægt vatn. Borun hefur verið stöðvuð. Gerðar verða lokamælingar og mun Haukur skila greinargerð um verkið.

Haukur og Guðlaug Björnsdóttir viku af fundi fyrir afgreiðslu málsins.

Hreppsnefnd er sammála því álitu Hauks að hætta borun.

Sveitarstjóra falið að kanna frekari nýtingarmöguleika á þeirri holu sem fyrir er og leita tilboða í nýja lögn.

Samþykkt.

10. 1305051 - Umsókn um leyfi til hundahalds

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði.

Þar sem um er að ræða fjölbylishús þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu verður leyfið veitt.

Samþykkt samhljóða.

11. 1305052 - Umsókn um leyfi til kattahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um kattahald í Tálknafirði.

Samþykkt samhljóða.

12. 1305053 - Umsókn um leyfi til kattahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um kattahald í Tálknafirði.

Samþykkt samhljóða.

13. 1306008 - Endurnýjun tækja í líkamsrækt.

Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

Samþykkt samhljóða.

14. 1306012 - Tilboð í spjaldtölvur

Sveitarstjórn hafnar framlögðu tilboði.

Samþykkt samhljóða.

15. 1306013 - Tilboð í myndavélakerfi fyrir sundlaug

Fyrir fundinum liggja þrjú tilboð.
Ákveðið að taka tilboði frá Tölvur og net, að fjárhæð 732.692.- m/VSK
Samþykkt samhljóða.

16. 1306037 - Samningur um grenjaleit og grenjavinnslu í Tálknafirði að norðanverðu.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða.

17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir húsnæðismál hjá sveitarfélaginu.
Óskað var eftir heimild til að halda áfram með vinnu við lóð á leikskóla.
Farið var yfir þau verkefni sem lúta að vinnuskóla.
Sveitarstjóri óskaði eftir heimild til að lengja starfstíma vinnuskóla til allt að 31. júlí. Einnig að bjóða krökkum vinnu á föstudögum fram að hádegi.
Þó skal tekið fram að frjáls mæting verður á föstudögum. Vegna fámenns vinnuskóla þá rúmast þessi aukning á vinnutíma vel innan áætlunar fyrir skólann.

18. 1306038 - Samningur um grenjaleit og grenjavinnslu í Tálknafirði að sunnaverðu.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða.

19. 1306035 - Heimild til lántöku

Hreppsnefnd veitir sveitarstjóra heimild til að kanna lánamöguleika vegna framkvæmda og viðhalds á árinu 2013 og endurfjármögnunar á skammtímaláni sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.

20. 1306036 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.

Afgreiðslu frestað.

21. 1306016 - Árskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2011.

Til kynningar.

22. 1306030 - Náttúrustofa Vestfjarða, ársreikningur 2010.

Til kynningar.

23. 1306031 - Náttúrustofa Vestfjarða, ársreikningur 2011.

Til kynningar.

24. 1306017 - Árskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2012.

Til kynningar.

25. 1306033 - Starfsendurhæfing Vestfjarða árskýrsla og ársreikningur 2012.

Til kynningar.

26. 1306034 - HHF, ársreikningur 2012 og árskýrsla 2013.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____